

Efnistaka við Langöldu í Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 19. ágúst 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um efnistöku við Langöldu, Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka við Langöldu – Matsskyldufyrirspurn. Landsvirkjun – Efla. 14. ágúst 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra dags. 13. september 2024
- Náttúrufræðistofnun dags. 18. september 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 19. september 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 2. október 2024

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 1. október 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í enduropnun námu við Langöldu og er gert ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku á árunum 2024-2030 og að efnið verði meðal annars nýtt við uppbyggingu vindorkugarðs við Búrfell. Heildarstærð efnistökusvæðisins er 9,4 ha. Efnistaka sem nam allt að 270.000 m³ var á svæðinu á árunum 1982-84 og var efnið þá nýtt við framkvæmdir við Sultartangavirkjun. Efnisvinnsla verður á staðnum þar sem efni verður rippað eða sprengt, svo mokað í forbrjót ef þarf, síðan verður það harpað og brotið aftur í mölunarsamstæðu í þær stærðir sem óskað er eftir hverju sinni. Efnið verður svo ýmist óþvegið eða þvegið á þvottahörpu. Gert er ráð fyrir um 1500 m³ efnisvinnslu á dag og umferð allt að 120 efnisflutningsbifreiða um svæðið daglega þegar mest er. Núverandi vegslóði að námunni verður notaður með minni háttar lagfæringum. Gengið verður frá svæðinu í samráði við Rangárþing ytra að efnistöku lokinni en náman verður aðlöguð landinu umhverfis svo hún fái sem náttúrulegast yfirbragð, fláar skornir niður, svæðið jafnað og komið aftur í fyrra horf.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar og umsögnum umsagnaraðila.



Áhrif á verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé undir hverfisvernd HV13: „Afréttarsvæðin sunnan Tungnár. Stór samfelld svæði gosminja, víðlend hraunsvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.“ Fram kemur að framkvæmdin sé ekki í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi en verið sé að vinna í breytingu á skipulaginu og að þar verði settar kvaðir um frágang á svæðinu að efnistöku lokinni. Framkvæmdaraðili telur að þar sem svæðinu hefur nú þegar verið raskað með fyrri efnistöku og þar sem gengið verði frá svæðinu til fyrra horfs verði áhrif framkvæmdanna á verndarsvæði óveruleg.

Áhrif á landslag og ásýnd og jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð efnistaka muni hafa áhrif á landslag og ásýnd á svæðinu en gengið verði vel frá svæðinu að vinnslu lokinni og svæðið fært aftur í fyrra horf og telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á landslag og ásýnd komi til með að verða óveruleg.

Ekkert rask verði á nútímahrauni eða öðrum jarðmyndunum sem njóti sérstakrar verndar. Jarðmyndunum á svæðinu hafi nú þegar verið raskað vegna fyrri efnistöku og telur framkvæmdaraðila að áhrif efnistökkunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að núverandi vegslóð að framkvæmdasvæðinu fari yfir sandorpið nútímahraun, Búrfellshraun, sem sé um 3200 ára gamalt og njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Líklegt sé að umhverfisáhrif verði aðallega á jarðminjar og ásýnd og að þau verði mest á framkvæmdatíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi vegaslóð að námunni verði notuð og að ekki verði farið í aðra vegagerð og telur því framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði óveruleg.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé að mestu melar og sandlendi samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Á framkvæmdasvæðinu er að finna vistgerðir á lista Bernarsamningsins og vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi (Starungsmýravist og Lyngmóavist á láglandi) en þær upplýsingar séu byggðar á kortasjá sem fylgi ákveðin óvissa og ómögulegt sé að greina lítil svæði með mikilli nákvæmni. Framkvæmdaraðili fór í vettvangsferð í sumar þar sem fyrirhugað efnistökusvæði var skoðað m.t.t. vistgerða og voru niðurstöður hennar að þær vistgerðir sem eru með hátt eða mjög hátt verndargildi eru ekki innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eða í nágrenni þess. Í kjölfar vettvangsferðarinnar hafi afmörkun framkvæmdasvæðisins verið breytt í þeim tilgangi að draga úr raski á gróðri við jaðar svæðisins. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á vistgerðir verði óveruleg.

Áhrif á hljóðvist og rykmengun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nokkur hávaði muni fylgja efnistöku en næsta byggð sé í töluverðri fjarlægð. Hávaða- og rykmengun muni aukast á framkvæmdatíma en áhrifin séu tímabundin og komi til með að hafa áhrif á fáa og er það því mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdanna á hljóðvist og rykmengun verði óveruleg.

Áhrif á umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið standi við Sprengisandsleið. Áætlað sé að um 120 efnisflutningabifreiðar fari um svæðið á dag þegar mest er og munu þessir bílar þvera Sprengisandsleið þegar efni er ferjað frá efnistökuastað að vindorkuveri. Fyrirhuguð framkvæmd muni koma til með að hafa áhrif á umferð á svæðinu en vegalengdin sé hins vegar ekki



löng sem fara þarf með efnið og sé umferð um Sprengisandsleið ekki mikil og telur framkvæmdaraðili því að aukin umsvif í kringum námuna muni ekki koma til með að hafa mikil áhrif.

Áhrif á útivist og óbyggð víðerni

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé að mestu leyti utan óbyggðs víðernis. Það sé talsvert um ferðamenn og útivistarfólk á svæðinu og er Hálendismiðstöðin Hrauneyjar í 6 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhugaðar framkvæmdir komi líklega ekki til með að skerða upplifun ferðamann af óbyggðum víðernum og að efnistakan verði tímabundin og gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni svo framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á útivist og óbyggð víðerni.

Áhrif á vatnshlot

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun (103-308-G) og straumvatnssvæði Langöldulækir (103-930-R). Til að sporna við mögulegri mengun verði magn olíu til geymslu á svæðinu takmarkað og gripið til hefðbundinna ráðstafana til að koma í veg fyrir að olíuleka og verði verktaki búinn nauðsynlegum búnaði til að grípa tafarlaust inn í verði olíuslys á svæðinu. Núverandi magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlota við Langöldulæk og Tungnaárhraun sé óþekkt en vistfræðilegt ástand við Langöldulæk sé mjög gott. Ekkert skráð álag sé á vatnshlotunum. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdirnar komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnshlot.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028 en breyting á aðalskipulagi er í vinnslu þar sem framkvæmdasvæðið sem er 9,4 ha verður skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði (E124).

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárbings ytra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða 250.000 m³ efnistöku á 9,4 ha svæði við Langöldu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla efnistöku en á svæði sem hefur áður verið nýtt sem náma og hefur því nú þegar verið raskað. Fyrirhuguð efnistaka mun hins vegar óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á ásýnd einkum á framkvæmdatíma en með boðuðum aðgerðum um verklag og vönduðum



frágangi svæðisins er hægt að draga úr þeim áhrifum. Ekki eru líkur á að umferð efnisflutningabifreiða komi til með að hafa neikvæð áhrif þar sem umferð á áhrifasvæðinu er almennt lítil. Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni að aðkomuvegur sem áformað er að nýta að svæðinu fari um hraun sem njóti sérstakrar verndar og bendir Skipulagsstofnun á að tekið verði tillit til þess við lagfæringar á vegslóðanum og að hrauninu verði ekki raskað. Þá leggur Skipulagsstofnun áherslu á verklag sem kemur í veg fyrir að olíumengun berist í jarðveg. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. nóvember 2024.

Reykjavík, 3. október 2024

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

